

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 15/2022

2022/EES/42/15

frá 4. febrúar 2022

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1233 frá 14. júlí 2021 um breytingu á tilskipun (ESB) 2017/2397 að því er varðar umbreytingarráðstafanir vegna viðurkenningar vottorða frá þriðju löndum ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við lið 46c (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2397) í XIII. viðauka við EES-samninginn:

„, breytt með:

- **32021 L 1233:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2021/1233 frá 14. júlí 2021 (Stjttð. ESB L 274, 30.7.2021, bls. 52).“

2. gr.

Texti tilskipunar (ESB) 2021/1233, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. febrúar 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 4. febrúar 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjttð. ESB L 274, 30.7.2021, bls. 52.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.